


Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar,
Ráðhúsi Hafnarfjarðar,
Strandgötu 6,
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	15/12 2015
Málsnr:	1404081
Bréfal:	370



14. desember 2015

Efni: Umsókn um lóð, sbr. samkomulag Hafnarfjarðarbæjar og Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Með vísan til meðfylgjandi samkomulags, Landssamtakanna Þroskahjálpar og Hafnarfjarðarbæjar, dags. 3. des 2015, vegna lóðar að Öldugötu, Hafnarfirði, sækir Húsbyggingasjóður samtakanna um lóð samkvæmt samkomulaginu.

Samkvæmt upplýsingum frá fasteignaskráningu umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar er sú lóð sem samkomulagið tekur nr. 45 við Öldugötu.

F.h. Húsbyggingasjóðs Landssamtakanna Þroskahjálpar,

Árni Múli Jónasson, Landssamtök Landssamtakanna Þroskahjálpar
Landssamtök
Þroskahjálpar
Kl. 521176-0409



HAFNARFJÖRÐUR

LANDSAMTÖKIN
PROSKAHJÁLP

maím. 1404081
370

Proskahjálpar, landsamtök kt. 521176-0409 („Proskahjálpar“) og Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579 („Hafnarfjarðarbær“) gera með sér eftirfarandi:

samkomulag vegna lóðar að Öldugötu 41, Hafnarfirði

- Húsbyggingasjóður Proskahjálpar („Húsbyggingasjóður“) mun sækja um lóðina að Öldugötu 41 í Hafnarfirði í því skyni að reisa þar leiguíbúðir ætlaðar fötluðu fólki, ásamt viðbótarrými vegna fötlunar íbúa. Húsbyggingasjóður mun leigja íbúðirnar út til einstaklinga á grundvelli ákvarðana Hafnarfjarðarbæjar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum. Önnur nyting á húsnæðinu verður óheimil nema með samþykki stjórnar Húsbyggingasjóðs.
- Íbúar munu greiða húsaleigu til Húsbyggingasjóðs vegna sins einkarýmis en Hafnarfjarðarbær mun greiða húsaleigu til Húsbyggingasjóðs fyrir starfsmannarými og annað sér rými sem til komið er vegna fötlunar einstaklings. Upphæð húsaleigu af hálfu Hafnarfjarðarbæjar mun taka mið af því fjármagni sem bærinn fær greitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem húsnæðiskostnað vegna þeirra íbúa sem þarna búa. Upphaf leigutíma miðast við verklok hússins sem áætluð eigi síðar en árið 2018. Gerður verður formlegur leigusamningur til 20 ára milli Hafnarfjarðarbæjar og Húsbyggingasjóðs þegar verð, fjármagnskostnaður og tímasetningar liggja fyrir. Telji samningsaðili að forsendur samningsins hafi breyst getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun á einstaka ákvæðum samningsins á samningstímabilinu. Allar breytingar á ákvæðum samnings skulu aðilar gera skriflega.
- Aðilar eru sammála um að leiguverð skuli taka mið af leiðbeiningum Íbúðalánasjóðs og vera 7,62 % af stofnkostnaði hússins á ári enda fái Húsbyggingasjóður 90% lán frá Íbúðalánasjóði á 3,5% vöxtum. Til stofnkostnaðar telst, auk byggingakostnaðar, þeir liðir sem Íbúðalánasjóður samþykkir sem stofnkostnað í uppgjöri sínu við Húsbyggingasjóð, þar með talinn fjármagnskostnaður á byggingartíma. Húsbyggingasjóður mun taka framkvæmdalán frá viðskiptabanka sem býður best kjör. Húsbyggingasjóður mun fjármagna 10% stofnkostnaðar.
- Húsbyggingasjóður og Hafnarfjarðarbær skulu ná samkomulagi um hönnuði, verktaka og eftirlitsaðila með bygginu hússins.
- Hafnarfjarðarbær mun leitast við að finna Húsbyggingasjóði nýja leigjendur þegar þörf er á. Verði óeðlilegur dráttur þar á áskilur Húsbyggingasjóður sér rétt til að innheimta leigu fyrir þann drátt hjá bæjaryfirvöldum.

Samkomulag þetta er gert í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Hafnarfjörður 3. des 2015

f.h. Proskahjálpar

Sveinn E. Sigurðsson,

formaður Húsbyggingasjóðs

Árni Múli Jónásson, formaðastjóri

f.h. Hafnarfjarðarbæjar

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri

